

Nd.

211. Lög

um skiftimynt úr eirnikkel.

(Afgreidd frá Nd. 24. mars).

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel.

2. gr.

Eirnikkelpeningar þessir skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hér segir:

	Pvermál millimetrar	Þyngd brúttó gröm	málmblöndun
Peningur, sem gildi 25 aura,	17	2,4	75 hlutar að þyngd af eiri.
Peningur, sem gildi 10 aura,	15	1,5	25 hlutar að þyngd af nikkel.

3. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

4. gr.

Peningar þessir skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna í milli, fyrir allt að 5 króna upphæð í einu, þar til þeir eru orðnir mjög mikil eða ólöglega skaddaðir. Gagnvart ríkissjóði eru þeir eigi lengur löglegur gjaldeyrir, er þeir eru orðnir svo slitnir, að ekki verður sjeð, fyrir reikning

hvaða ríkis þeir eru slegnir, en gagnvart öllum öðrum hætta þeir að vera löglegur gjaldeyrir, þegar móttunin er svo mál, að hún er orðin ógreinileg.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10—10000 krónum.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.